

KIRKJUGARÐARÁÐ

96. fundur haldinn 14. maí 2012 í fundarsal Biskupsstofu.

Mætt voru: Ragnhildur Benediktsdóttir formaður, Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri, Smári Sigurðsson, Sigurgeir Skúlason, Valtýr Valtýsson, Þórsteinn Ragnarsson og Kristín Huld Sigurðardóttir sem skrifaði fundargerð.

Gestir: Björg Sigurðardóttir og Berglind Daníelsdóttir endurskoðendur hjá Deloitte.

1. Setning fundar

Fundur settur kl. 13:10.

2. Framlag ríkisins til kirkjugarða - Ársreikningur 2011.

Kynning: Björg Sigurðardóttir og Berglind Daníelsdóttir endurskoðendur hjá Deloitte. Tekjulækkun frá 2010. Eigið fé hefur hækkað frá í fyrra og er enn neikvætt sem nemur 825.501 kr. Ársreikningurinn var samþykktur og undirritaður.

3. Kortagerð og legstaðaskrá – kynning Sigurgeir Skúlason

Samþykkt var að Kirkjugarðaráð gangi til samninga við ÍSAGRAF um kortasjá og greiði mánaðargjald fyrir vistun á kortum úr Garður.is. Kirkjugarðar Reykjavíkur munu taka á sig stofnkostnað og þróunarvinnu sem nemur allt að 500 þús. kr. með vsk. Framkvæmdastjóra var falið að koma með tillögur að reglum um skiptingu kostnaðar milli kirkjugarða vegna mælinga garða og kortagerðar.

4. Fundur í innanríkisráðuneytinu vegna kirkjugarðafrumvarpsins

Ragnhildur Benediktsdóttir fer yfir minnispunkta. Lagt var fram minnisblað frá fundi sem formaður og framkvæmdastjóri sátu í innanríkisráðuneytinu 8. maí þar sem rætt var um frumvarp til laga um breytingar á kirkjugarðalögum.

Kirkjugarðaráð lýsir vonbrigðum sínum yfir að ekki hafi náðst að leggja fram frumvarpið á Alþingi eins og rætt hafði verið um. Samþykkt var að fá fund með ríkisendurskoðanda til að ræða um reiknisskil kirkjugarða. Ákveðið var að Þórsteinn, Valtýr og Smári færu á fundinn f.h. ráðsins. Þórsteinn mun pantastíma hjá Sveini Arasyni.

Samþykkt var að eftir þann fund yrði fenginn óháður aðili til að fara nákvæmlega yfir fjárhagsstöðu tíu stærstu kirkjugarðanna frá 2008, t.d. með því að skoða ársreikninga og síðan rauntölur úr rekstri. Ágreiningurinn er um líkhúsgjaldið og þörf kirkjugarða fyrir sértekjur.

5. Aðalfundur Kirkjugarðasambands Íslands

Þórsteinn Ragnarson sagði frá. Fundurinn var haldinn á Hótel Laka á Kirkjubæjarklaustri og tókst vel.

6. Næsti fundur

Næsti fundur verður haldinn 11 júní.

7. Önnur mál
Engin.

Fundi slitið kl. 15:40.

Ragnildur Benediksdóttir,
formaður

Kristín Huld Sigurðardóttir,
ritari